

# Íslenskur iðnaður

SI

10. tbl. 12. árg

Samtök iðnaðarins

Október 2006



Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda

## „Eitt mikilvægasta úrlausnar- og umræðuefni okkar tíma“

segir Helgi Magnússon formaður SI

Samtök iðnaðarins héldu nýlega fund um náttúruvernd og nýtingu auðlinda. Þar var auglýst eftir stefnu stjórn-

valda í þeim efnum og jafnframt spurt hvort hægt væri að sætta sjónarmið um nýtingu og verndun. Frummælendur voru Jóns Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Andri Snær Magnason, rithöf-

undur og Illugi Gunnarsson, hagfræðingur. Stjórnandi pallborðsumræðna var Svanhildur Hólm Valsdóttir.

Helgi Magnússon, formaður SI, setti fundinn og sagði að Samtök iðnaðarins litu þannig á að hér væri um að ræða eitthvert mikilvægasta úrlausnar- og umræðuefni okkar tíma hér á landi. Mikil skoðanaskipti hefðu átt sér stað að undanförnu en SI vildu ekki síst beita sér fyrir upplýstri umræðu um þessi mál.

Sjá framhald á bls. 3 og 4

Fundarboð:

### Framhaldsfundur um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda

Í ljósi nýrrar skýrslu nefndar iðnaðarráðherra: „Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls“ efnir stjórn og ráðgjafaráð Samtaka iðnaðarins til framhaldsfundar um málið á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 21. nóvember kl. 15:00.

Dagskrá fundarins verður kynnt á næstu dögum.



bls. 2

Loksins, loksins

bls. 5



Ljósmyndarafélag Íslands höfðar mál gegn Íslenska ríkinu

bls. 6-7



„Erfitt að fá alla til að róa í takt“

bls. 10



Verðhækkanir á aðföngum bakaríá

bls. 11



Fjöreggið kom í hlut Guðrúnar Adolfsdóttur

# Loksins, loksins



Sveinn Hannesson  
framkvæmdastjóri SI

## Vörugjöldin hverfa af matvælum - að mestu

Ríkisstjórnin ætlar að afnema vörugjöld af öllum innlendum og innfluttum matvælum öðrum en „sykri og sætindum“ með einu pennastriki 1. mars næstkomandi. Þetta er einnig afar mikil og jákvæð breyting. Þar með fetum við sömu slóð og flestar nágrannaþjóðir okkar sem horfið hafa frá skattlagningu af þessu tagi.

## Sykurskattur er óframkvæmanlegur

Samkvæmt tillögunum eiga reyndar að standa eftir leifar af vörugjöldunum í formi sykurskatts. Vörugjöldin voru áður lögð á einhvern óskilgreindan lúxusvarning en eftirleiðis á skatturinn að leggjast á „sykur og sætindi.“ Þetta er reyndar óframkvæmanlegt vegna þess að ef skattleggja á sykur sérstaklega þarf að skattleggja aragrúa alls konar matvæla sem innihalda sykur. Það gengur ekki að skattleggja sykur sem fluttur er til landsins en sleppa alls konar innfluttum matvælum sem innihalda sykur. Því verður vart trúað að ætlunin sé að leggjja vörugjöld á öll þau matvæli sem innihalda einhvern sykur og eru fluttar inn eða framleiddar hér á landi. Hvað má vara innihalda mikinn sykur án þess að á hana leggjist sykurskattur? Hvað með önnur sætuefni?

Stjórnvöld eru hvött til að endurskoða þennan þátt í annars góðum tillögum og stíga skrefið til fulls og afnema vörugjöld endanlega af öllum matvælum.

## Aðrar breytingar í rétta átt

Virðisaukaskattur af annarri vöru og þjónustu, sem verið hefur í lægra VSK-þrepinu, á einnig að lækka úr 14,0% í 7,0%. Þarna er t.d. um að ræða bækur og blöð, húshitun og hótलगistingu. Síðan er ætlunin að lækka VSK af veitingaþjónustu úr 24,5% í 7,0% á sama tíma.

Að lokum er í tillögunum gert ráð fyrir að lækka almenna tolla á unnum kjötvörum (í 2. kafla tollskrár) um allt að 40%. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig sú lækkun er hugsuð þar sem umræddar vörur bera bæði 30% verðtoll og að auki magn-tolla allt að rúmum 1400 kr. á kílógramm.

## Loksins, loksins

Þessar tillögur eru stórt skref og löngu tímabærar í þá átt að færa matvöruverð á Íslandi nær því sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar.

Í leiðara Íslensks iðnaðar í september sl. var því haldið fram að við Íslendingar gætum á eigin spýtur breytt sköttum og tollum á matvælum. Gallinn væri bara sá að þetta gerðist ekki. Nú hefur einmitt þetta gerst og mjög í þeim anda sem SI hafa barist fyrir árum saman. Því ber að fagna.

Lítið hafa dagsins ljós tillögur ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að lækka matvæla-verð. Þessar tillögur koma á óvart að því leyti að þær ganga lengra og eru róttækari en flesta óraði fyrir.

## Öll matvæli með 7% VSK

Frá og með 1. mars nk. bera öll matvæli 7% VSK samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar. Þetta er furðumikil breyting á skattlagningu matvæla sem nú bera almennt 14% VSK en mest er þó breytingin hvað varðar þau matvæli sem nú bera 24,5% VSK. Til samanburðar var sams konar breyting gerð í Svíþjóð fyrir rúmum áratug en þar varð niðurstaðan sú að leggjja 12% VSK á öll matvæli.

## Vörugjöld eru afleitir skattur

Vörugjöld hafa um margra áratuga skeið verið innlendum framleiðendum og Samtökum iðnaðarins mikill þyrnir í augum þetta tvöfalda kerfi neysluskatta hefur víðast hvar verið lagt af. Þetta er skattheimta sem er neytendum ósýnileg. Hún veldur bjögun í verðlagningu sem veitir skjól fyrir óeðlilega verðlagningu á staðgönguvörum. Vörugjöldin mismuna framleiðendum og neytendum og eru á flestan hátt afleit skattheimta.



### Verndun og nýting auðlinda tvær hliðar á sama máli

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði áherslu á að stefna Íslendinga í málum, sem snerta náttúruvernd og nýtingu auðlinda, væri verndun og nýting með fyllstu aðgát, varúð og virðingu. Verndun og nýting auðlinda væru tvær hliðar á sama máli. Með breytingum, sem gerðar voru á stjórn-sýslu og umhverfi á þessum vettvangi árið 2003, hefði tímabili virkrar stóriðju- og virkjanastefnu íslenskra stjórnvalda lokið. Með þeim breytingum hefði að

*Jón Sigurðsson: „Það er rétt að geta þess að Þjórsárver, Torfajökulssvæðið, Kerlingarfjöll og Brennisteinsfjöll eru hvergi á teiknaborðum verkefna eða framkvæmda á næstunni.“*

mestu verið horfið frá ríkisforsjá og fyrstu skref tekin í átt að orkumarkaði. Um leið hefði staða landeigenda, sveit- arfélaga, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar breyst. Síðan þær breytingar áttu sér stað fælist hlutverk iðnaðarráðuneytisins í þessu efni einkum í fyrirgreiðslu og aðstoð í stað forystu eða stýringar eins og áður var. Þau verkefni, sem væru nú á döfni, væru á vegum heimamanna undir stjórn sjálf- stæðra fyrirtækja en ekki undir forræði iðnaðarráðuneytisins en Kárahnjúkavirkj- un tilheyrði gamla kerfinu.

### Stuðlað að viðtækri sátt

Jón sagði að meginstefna Íslendinga miðaði nú að því að þroska hér þekking- arsamband með fjölbreyttu atvinnulífi og framtaki en orka og iðnaður væru aðeins hluti af þessu. Næsti megináfangi væri gerð heildstæðrar rammaáætlunar um nýtingu og verndun náttúruauðlindanna. Það yrði sameiginlegt verkefni sem ætti að geta stuðlað að viðtækri sátt meðal þjóðarinnar um þessi mikilvægu verk- efni.

*Jón Sigurðsson: „Eitt meginatriði í stefnu stjórn- valda núna á næstunni er Vatnajökulsþjóðgarður - stærsti þjóðgarður Evrópu og þar eru stórfyrirtæki og Landsvirkjun með í að kosta það mikla verk- efni.“*

### Hrifandi meginstef

#### Draumalandsins eftir Andra Snæ

Því næst vék Jón máli sínu að bókinni Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason og sagði hana skemmtilega og vel skrif- aða. Meginstef hennar væru hrifandi en gerði ýmsar athugasemdir við boðskap bókarinnar. Andri skautaði t.d. yfir vandamál í byggðaþróun margra áratuga eins og ekkert væri. Jón sagðist geta tekið undir velflest í fyrri hluta bókar- innar en tengingin yfir í stórfra- kvæmdirnar fyrir austan væri ekki sann- færandi á þann hátt sem greinilega vekti fyrir höfundinum.

#### Stefna stjórnvalda að vanda allar ákvarðanir

Jón sagði að Íslendingar hefðu náð miklum árangri í orkumálum á liðnum áratugum en framundan væri að móta verklagsreglur markaðar og jafnræðis á því sviði. Leggja þyrfti grunn að nýtingar - og verndaráætlun til langs tíma en sú

*Jón Sigurðsson: „Meginauðlindin er náttúrulega í fólkinu sjálfu, menntun þess, þekkingu og hæfni.“*

heilðaráætlun yrði varla tilbúin fyrr en að nokkrum árum liðnum. Nú væru ekki ný verkefni eða ný svæði í vinnslu inni á hálendinu en jarðvarmi væri að taka fremsta sæti í orkuþróuninni. Æskilegt væri að halda áfram að skoða aðra orkukosti, s.s. vindorku en djúpboranir gætu markað alger tímamót. Megin- stefnan verði, að hans hyggju, að gera heildstæða nýtingar- og verndaráætlun og að ákvarðanir um umsóknir verði teknar með faglegu gagnsæju valferli. Stefnan væri alls ekki að sökkva öllu en heldur ekki að stöðva allt. „Stefnan er ábyrgð, varúð, skynsemi og virðing“ en meginstefna væri ekki á stóriðju eða stórvirkjanir heldur á blóma og fjöl- breytni í hvers konar smærri og meðal- stórum fyrirtækjum þekkingarsam- félagsins með vísindi, fræði, tækni og nýsköpun í fyrirrúmi.“



### „Hver verður orðstír okkar kynslóðar?“

Andri Snær sagði m.a. að í Konungsbock

Eddukvæða væru varðveittar minningar um heila heimsmynd frá sköpun til ragnaraka. Í heiminum öllum væru aðeins örfáir staðir þar sem heimsmynd og hugmyndaheimur fornanna hefði varðveist. Hann væri þess fullviss að hægt væri að fá 50 þúsund manns til Íslands á hverju ári til að skoða þá merku bók en það þýddi 5 milljarða í gjaldeyrstekjur og um þúsund störf. Gæðastimpillinn gæti m.a. bætt ímynd landsins og auðveldað öflun óbeinna tekna.

#### Auðlindaskortur getur stækkað sjóndeildarhringinn

Andri Snær sagði að véfengja mætti fyrirbærið auðlind og hvernig hún væri skilgreind. Ekki væri alltaf að sjá að þeir, sem byggju í grennd við mestu auðlindir jarðarinnar, högnuðust endilega mikið á þeim. Þess væru ýmis dæmi að þjóðir hefðu stórefnast án þess að eiga auðlindir. Skortur á auðlindum gæti hins vegar stækkað sjóndeildarhringinn.

*Andri Snær: „Er það rétt eða ekki rétt að eitt fyrirtæki getur eignast allan áliðnað Íslands með einu „takeover“ á Wall street?“*

#### Margir vannýttir fjárfestingarkostir

„Auðlindir geta blindað okkur sýn á raunveruleg tækifæri,“ sagði Andri Snær og benti á að víða væri fólk sem þyrfti á hvers kyns lækniáðgerðum að halda og með því að beina því ekki til Íslands rynni óbeislaður auður til sjávar. Víða erlendis væru lækniáðgerðir svo kostn- aðarsamar að flugfargjaldið hyrfi í heild- armyndinni.

Þá taldi Andri Snær að vannýttar fjárfestingar og menntun nýtust betur ef hvað ynni með öðru, s.s. norðurljós, Edda, fiskur og kannski ristilspeglun í heilsuhælinu á Húsavík.

Andri Snær sagði einkennilegt að ímynda sér að um síðustu aldamót hefði íslenska þjóðin talið sig standa fyrir erfiðri ákvörðun þegar litlu munaði að Þjórsárver yrðu skert af því að það var kaupandi á línunni og þeir, sem vildu nýta auðlindina hans sér til hagsbóta, hefðu talið hana lítils virði.

#### Kettlingurinn vill verða köttur

Því næst vék Andri Snær máli sínu að framtíðarsýn núverandi ríkisstjórnar varðandi álframleiðslu sem næmi rúm- lega 1,5 milljónum tonna auk ávísunar á stækkun. Allir vildu eða þyrftu að stækka. „Kettlingurinn vill verða köttur.“



Allt benti til þess að álverin hér á landi væru of lítil og fyrirhugað væri að stækka þau til að þau yrðu ekki undir í samkeppninni en hagkvæm stærð væri talin um 600 þúsund tonn á ári. Nú væri verið að ráðstafa 3/5 af orkulindum Íslands og að langmestu leyti til álfyrirtækja sem gengju kaupum og solum og gætu á augabragði komist á eina hendi.

*Andri Snær: „Þetta er álbýlting, álbýlting. Það á að fara að auka álframleiðslu úr 300 þúsund tonnum í 1,5 tonn og það þýðir hreinlega öll orka landsins.“*

### Ísland á ekki þá orku sem lofað er

Að mati Andra Snæs erum við komin upp að efri mörkum orkuforðans og rúmlega það sem kallar á framtíðar orkuþörf sem er meiri en orkugeta alls landsins og „svo eru menn að tala um sættir.“ Andri Snær sagði eina ríkisstjórn hafa ákveðið fyrir sitt leyti að losa um allar reglur og allar hömlur og standa fyrir stjórnlausum aðgangi álfyrirtækja að auðlindum Íslands. Álbýltingin væri hafin á Íslandi og hún væri fullkomlega ábyrgðarlaus af því að Ísland ætti ekki þá orku sem lofað hefði verið. Auk þess hefði stóriðjustefnan mikil áhrif á útflutnings- og sprotafyrirtæki og ryddi atvinnugreinum úr vegi fyrir ríkisstyrktan áliðnað.

*Andri Snær: „Ég bendi á að fjórum sinnum á ári fer flugfloti Bandaríkjanna á haugana - bara í gosdósun.“*

### Hver verður orðstír okkar kynslóðar?

Andri Snær hélt því fram að sáttin gengi út á að almenningur yrði að sætta sig við þetta og því væri haldið fram að aðrir valkostir stæðu landsbyggðinni ekki til boða. „Ráðherra segist sitja ábyrgðarlaus og aðgerðarlaus þegar fimmföldun álframleiðslu er fyrirhuguð. Menn skeyta engu um það hvernig landi börnin okkar taka við. Hver verður orðstír okkar kynslóðar? Kynslóðin sem átti allt og kaus að glata því?“

### Umhverfisvernd og efnahagsstefna samofnar

Illugi Gunnarsson sagði m.a. að það væri ekkert nýtt að menn hefðu áhyggjur af náttúrunni og sagðist ætla að ræða hvaða lögmál og meginaðferðafræði giltu þegar við veltum fyrir okkur nýtingu náttúruauðlinda og stöðu okkar manna í henni og vitnaði í heimsendaspar í því efni.



Þótt við hefðum séð langar raðir af heimsendaspám væri ekki þar með sagt að við gætum bara verið róleg og sagt að spámennirnir hefðu alltaf haft rangt fyrir sér og þess vegna væri þetta allt í lagi. Aðeins lítill hluti mannkyns hefði það gott og þess vegna stæðum við frammi fyrir því hvernig við nýtum auðlindirnar, hvort sem þær væru endurnýjanlegar í eðli sínu eða endanlegar.

### Fékk bágt fyrir að segjast vera markaðssinni og umhverfissinni

Illugi sagðist í sumar hafa skrifað grein í Morgunblaðið þar sem spurt var hvort það færi ekki ágætlega saman að vera hægri maður og markaðssinni og umhverfissinni en hefði víða fengið bágt fyrir. Svar sitt hefði verið þetta: „Þegar um er að ræða lausnir sem koma að ofan frá ríkisvaldinu þá nýtum við þekkingu tiltölulega fárra. Þegar við nýtum lausnir sem koma frá markaðnum þá nýtum við þekkingu mjög margra. Sá er grundvallarmunurinn.“ Hann taldi að einkaframtakið líklegra til að leysa tiltekinn vanda. „Um leið og markaðurinn sér að hægt er að græða á því að vera umhverfisvænn, lækka kostnað og vera í sátt við náttúruna gerist eitthvað stórt.“

*Illugi: „Mér finnst óeðlilegt að það sé verið að búa til sérkjör fyrir einhverja sérstaka tegund af atvinnurekstri.“*

### Hvað eiga stjórnvöld að gera?

„Þeim ber fyrst og fremst að sjá til þess að markaðirnir virki sem skyldi.“ Í mörgum tilvikum, þar sem gengið sé á náttúruna, skorti annaðhvort eignarrétt, réttarríki, samningsfrelsi eða einkaleyfi og þetta sé afar mikilvægt. Íslenskur sjávarútvegur hefði t.d. galdið fyrir nær óhefta sókn vegna þess að eignarréttinn vantaði. Illugi telur að þótt aflamarkaðskerfið sé ekki fullkomið sé þar þó kominn á eignarréttur og farið sé að nýta auðlindina miklu betur og með skynsamlegri hætti en áður var. Illugi

telur lykilatriði að almannavaldið geti skilgreint hvað kallað skuli umhverfisvænt og það geti hjálpað markaðnum að rata rétta leið - tengt markaðinn og umhverfisvernd. „Það sem snýr að okkur og varðar náttúruvernd almennt er að ríkið hefur stærra hlutverki að gegna hvað varðar hvaða landssvæði eiga að vera friðuð og hvaða landsvæði eiga að vera þjóðgarðar.“ Það sé stjórnmalamaða að skapa þann ramma sem geri öllum kleift að kalla fram lausnina. Umhverfisvernd eigi að vera samofin efnahagsstefnunni og þjóðlífinu.

*Illugi: „Menn sjá af þessari umræðu um Kárahnjúka að menn spyrja sig sífellt: Er þetta nægilegt verð fyrir náttúruna okkar?“*

### Ríkið sitji ekki beggja megin borðsins.

Illugi telur að menn séu að komast á þá skoðun að ríkið eigi ekki að stunda stóriðjustefnu. Það eigi ekki að sitja beggja megin borðsins með því annars vegar að stunda raforkuframléiðslu en hins vegar að sinna stefnumótunarhlutverki varðandi landvernd. Þegar upp sé staðið verði hægt að draga ríkið út úr þessu því að það skipti miklu máli fyrir umhverfið að ríkið sé ekki þátttakandi í slíkum rekstri. Hlutverk þess sé að sinna eftirliti fyrir hönd almennings með því hvernig staðið sé að raforkuframléiðslu og stóriðjurekstri en ekki að vera þátttakandi.

*Illugi: „Það góða við átök um Kárahnjúkavirkjun er að við erum nú miklu meðvitaðri um þessi mál en við vorum fyrir ári. Við eigum að nýta það.“*

### Skiptir máli að vera á varðbergi

„Við eigum að nálgast þessu mál þannig að þegar við höfum nýtt landið sem við fengum frá foreldrum okkar eigum við að skila því í eins góðu ástandi til næstu kynslóðar og hægt er. Ef sá skilningur er almennur hef ég ekki miklar áhyggjur af því sem framtíðin ber í skauti sér. Það skiptir bara svo miklu máli að við setjum rétta ramma, höfum hvatana rétta og séum á varðbergi.“

*Þóra Kristín Jónsdóttir stytta og endursagði Allar fyrirsagnir eru blaðsins Tilvitnanir eru úr pallborðsumræðum Sjá nánar á www.si.is*

# Samstarf um rekstur BB verkefnisins

Í síðastliðnum mánuði var gengið frá samkomulagi milli Samtaka iðnaðarins, Samiðnar og Vinnueftirlits ríkisins um rekstur BB verkefnisins sem á sér um tveggja ára forsögu þar sem sömu aðilar ráku það um skeið. Verkefnið hófst sem kunnugt er með könnun, sem SI og Samiðn létu gera meðal byggingar- og málmfyrirtækja, á öryggis-, heilsu- og umhverfismálum fyrirtækjanna og starfsmanna þeirra. SI og Samiðn vildu vinna áfram með niðurstöður könnunarinnar og leita leiða til að bæta það sem betur mætti fara hvað þessi mál varðaði og leituðu eftir samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins. Það samstarf varð til þess að komið var á fót verkefni sem nefnt var BB - verkefnið, Betri líðan - Bættur hagur og fól í sér að færa finnsk kerfi í öryggismálum á vinnustöðum yfir á íslensk fyrirtæki. Í verkefninu tóku jafnframt þátt nokkur fyrirtæki í byggingar- og málmíðnaði sem tóku að sér að prufukeyra kerfin.

Niðurstaða verkefnisins þótti það góð, þ.e. að segja kerfin þóttu reynast svo vel, að verkefnisstjórnin lagði til við Samtök iðnaðarins, Samiðn og Vinnueftirlitið að átakinu, sem hófst með BB - verkefninu, yrði haldið áfram og þá með



nýrri verkefnisstjórn. Hlutverk þeirrar stjórnar verður að vera tengiliður við finnska eigendur kerfanna og semja við aðila um að reka BB - verkefnið og kenna notkun þeirra. Verkefnisstjórnin hefur verið skipuð og í henni sitja Eyjólfur Bjarnason og Ingólfur Sværissón fyrir hönd SI, Þórunn Sveinsdóttir og Sigfús Sigurðsson fyrir hönd Vinnueftirlitsins og Halldór Jónasson og Hermann Guðmundsson fyrir Samiðn. Fyrirhugað er að leita eftir samkomulagi við Iðuna - fræðslusetur um að halda námskeið um notkun kerfanna og sjá um rekstur BB verkefnisins.

Samtök iðnaðarins lýsa yfir ánægju sinni með að þetta samkomulag er í höfn og hvetja fyrirtæki til að taka upp aðferðafræðina sem felst í TR - mælinum

og Elmeri, því að hún er einföld og skilvirk. Reynsla Finna af notkun þessara kerfa hefur leitt í ljós að slysum fækkar, rekstur vinnustaða batnar og fyrirtækin hagnast á notkun þeirra.

Eyjólfur Bjarnason

**Holl og góð  
trefjarík brauð  
í dagsins önn**

Í bakaríum innan Landsambands bakameistarara er að finna gott úrval af hollum, trefjaríkum brauðum sem innihalda heilt korn eða mjól úr heilu korni. Algengast er að brauð sé bakað úr hvítri, rúgi eða hölrum en einnig stundum úr bygg.

Veldu holl og góð trefjarík brauð í dagsins önn. Mundu að áleggjið skiptir líka máli. Veldu létt viðbit, höflega feitt álegg og ríkulegt af grænmeti á brauðið þitt.

Landsamband  
bakameistarara

## Ljósmyndarafélag Íslands höfðar mál gegn íslenska ríkinu

Ljósmyndarafélag Íslands hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn íslenska ríkinu vegna meintrar ólögmatrar framkvæmdar þess síðar-nefnda við myndatökur í vegabréf en þær fara nú nær eingöngu fram hjá sýslumönnum og lögreglustjórum um land allt.

Forsaga málsins er sú að fyrir tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins voru gerðar breytingar á þeim reglum sem giltu um útgáfu vegabréfa fyrr á þessu ári. Hafin var útgáfa á nýjum íslenskum vegabréfum með örgjörva sem geymir sömu upplýsingar og voru sjáanlegar í vegabréfinu. Tilgangur hinna breyttu reglna mun m.a. hafa verið sá að laga íslenskar reglur að alþjóðlegum skuldbindingum vegna Schengen samstarfsins auk þess að fullnægja kröfum sem gerðar voru af hálfu bandarískra stjórnvalda til vega-



bréfa þeirra sem þangað vilja leggja leið sína.

Ljósmyndarar hafa allt frá því að útgáfa vegabréfa hófst hér á landi tekið ljósmyndir í vegabréf (passamyndir) og hafa haft af því verulegar tekjur. Á afgreiðslustöðum vegabréfa, þ.e. hjá sýslumönnum og lögreglustjórum um allt land, hefur verið komið upp myndavélum, þar sem umsækjendum er boðið að starfsmenn embættanna taki af þeim mynd sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til myndanna. Myndin er tekin án sérstaks endurgjalds og þannig innifalin í venjulegu verði vegabréfa sem er 5.100 krónur.

Með hinum nýju reglum um útgáfu vegabréfa hefur orðið gerbreyting á töku ljósmynda í vegabréfin en það hefur haft þær afleiðingar fyrir ljósmyndara að passamyndataka þeirra hefur nánast lagst af.

Þar sem ljósmyndun er löggilt iðngrein hefur Ljósmyndarafélag Íslands krafist þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að viðurkennt verði að, auk einstaklinga sem taka myndir í eigin vegabréf, sé ljósmyndurum einum heimilt að taka ljósmyndir í íslensk vegabréf. Þá gerir félagið einnig þær kröfur að viðurkennt verði að óheimilt sé að haga gjaldtöku við útgáfu íslenskra vegabréfa þannig að myndataka sé innifalin í kostnaði umsækjanda vegna útgáfu vegabréfs.

Mál þetta hefur fengið flýtimeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík

# „Erfitt að fá alla til að róa í takt“

*Iðnskólinn í Reykjavík fagnaði 2004 einnar aldar afmæli sínu. Á 19. öld sóttu iðnaðarmenn skóla á kvöldin og á sunnudögum til að nema iðn sína. Þessi skólafélagi varð grunnur að sterkri stétt iðnaðarmanna sem áttu stóran þátt í að iðnvæða landið. Það var svo Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík sem stofnaði Iðnskólann í Reykjavík og byggði yfir hann hús í Vonarstræti í upphafi síðustu aldar. Árið 1955 fluttist skólinn síðan í glæsilegt húsnæði á Skólavörðuholti og hefur verið þar síðan.*

Tíðindamaður Íslensks iðnaðar sótti heim Baldur Gíslason, skólameistara Iðnskólans í Reykjavík, til að heyra frá starfsemi skólans í nútíð og framtíð.

Baldur segir aðsóknina að skólanum vera vaxandi. Sérstaklega hefur nemendum fjölgað í byggingagreinum, þ.m.t. málaraíðn, múrverki og húsasmíði. Aðsókn er þökkaleg og vaxandi í húsgagnasmíði. Eins er aðsókn góð í fata- og hársnyrtigreinar sem og í prentgreinar. Baldur segir að skólinn geti vel tekið við fleiri nemendum.

*Þú nefnir að skólinn geti lengi fjölgað nýnemum. Hvernig tekst ykkur að sinna eftirspurninni?*

„Okkur tekst það þökkalega. Brautirnar eru mis vinsælar en þar sem aðsókn er mest þarf alltaf að vísa einhverjum frá. Á öðrum brautum er alltaf pláss. Þeir nemendur, sem ekki komast strax að, bíða í eina önn og sækja þá aftur um. Við veljum nemendur eftir því hvernig þeir hafa staðið sig í öðrum skólum og á vinnustöðum. Við reynum að hafa námstilboð sem hentar öllum.“

Að sögn Baldurs sækir fólk á öllum aldri eftir að komast í iðnnám. Þetta haustið eru nýútskrifaðir grunnskólarnemar að vísu óvenju stór hópur, eða um 200 talsins. Algengara er að nemendur komi úr öðrum framhaldsskólum. Töluverður hópur þeirra er fullþroska fólk sem jafnvel hættir í vinnu til að hefja nám í Iðnskólanum. Stúdentum fer fjölgandi í iðnnámi og er athyglisvert að það gerist án þess að þeir hljóti sérstaka kynningu á iðnnámi. Á listnámsbrautum eru stúdentar núna um 2/3 hluti nýnema.

Kynjahlutfall nemenda þokast til jafnvægis. Karlar eru enn töluvert fleiri. Konur eru um 40% nemenda. Baldur telur fjölgun kvenna í hefðbundnum karlagreinum ekki vera nógu mikla, t.d. hallast á þær í málaraíðn þótt þessi iðngrein reyni síður á líkamlega burði en

margar aðrar. Í rafeindavirkjun eru þær óskiljanlega fáar. „Ég spyr mig hvort þetta tengist landlægri raungreinafælni kvenna,“ segir Baldur.

### Iðnskólinn gagnrýndur

*Þú segir að flestar iðngreinar dafni vel í Iðnskólanum í Reykjavík. Samt höfum við dæmi um iðngreinar sem ekki hafa gengið vel og skólinn tók ákvörðun um að leggja af í stað þess að blása nýju lífi í, t.d. grunndeild málmíðna. Skólinn hefur verið gagnrýndur fyrir þetta. Hverju svararðu?*

„Það er eðlilegur hluti af þróun skóla að einhverjar greinar leggjast af. Í þeim greinum sem þú nefnir, málmíðngreinum, hafa mjög fáir nemendur stundað nám hér í Iðnskólanum eftir að meginhluti deildarinnar var fluttur í Borgarholtsskóla 1996. Grunndeild málm- og bíliðna við Iðnskólann var með fáa nemendur í stóru húsnæði. Við vorum ekki með framhaldsdeild í þessum iðngreinum. Nemendur á okkar heimasvæði kusu greinilega að hefja nám í þeim skóla þar sem þeir gátu lokið því. Þeir skólar hér í kring sem kenna málmíðngreinar geta auðveldlega annað eftirspurn og bara skynsamlega að styrkja og styðja þá til góðra verka fyrir málmíðnaðinn. Nauðsynlegt var að bregðast við þessari stöðu, annaðhvort að stofnsetja aftur framhaldsdeild og fara í mikla markaðsókn í samkeppni við aðra skóla eða leggja þessar greinar af til að gefa öðrum greinum meira rými í skólanum. Við völdum síðari kostinn. Skólar eru ekkert öðruvísi en fyrirtæki á markaði, þeir þurfa að laga starfsemi sína að nýjum aðstæðum.“

*Margir í iðnaði telja að með þessu hafi tækifæri farið forgörðum til að byggja enn frekar upp kennslu í málmíðnum og bíliðnum.*

„Það kann að vera. En þá vil ég minna á að ákvörðunin um breytingar í málm-

iðnaðarkennslu við Iðnskólann í Reykjavík voru teknar af menntamálaráðuneytinu og hagsmunaaðilum í málmíðnaði.“

### Skólinn þarf að sinna óskum viðskiptavina

*Hvert sérð þú vera meginhlutverk Iðnskólans í Reykjavík? Hverjir eru viðskiptavinir skólans?*

„Meginhlutverkið er að mennta einstaklinginn þannig að hann geti notið sín, m.a. fólk sem er hæft til starfa. Nemandinn er fyrst og síðast viðskiptavinur skólans. Síðan er atvinnulífið viðskiptavinur sem og næsta skólastig sem tekur við nemandanum. Við þurfum að tryggja að menntun nemandans sé fullnægjandi á þeim vettvangi sem tekur við honum, hvort sem það er atvinnulíf, næsta skólastig eða eitthvað annað.“

Iðnskólinn er forustuskóli iðnmenntunar hér á landi, elsti og stærsti iðnmenntaskólinn. Baldur var spurður um hvað þyrfti að bæta til að Iðnskólinn gæti gegnt hlutverki sínu betur. Hann telur þröngan húsakost há starfseminni. Áætlanir eru uppi um verulega stækkun skólans sem þó er varla nægjanleg vegna þess að skólinn missir húsnæði á móti. Þetta á við um ytra byrði starfseminnar. Margt má breytast í innri málum skólans.

„Iðnskólinn er eins og stórt skip þar sem það tekur tíma að breyta stefnunni,“ segir Baldur. „Erfitt er að fá alla til að róa í takt. Við spyrjum okkur hvernig við getum fengið alla til að leggjast á árarar. Ýmislegt í kerfinu stuðlar að stöðnun.“

Baldur telur mikilvægt að kennurum séu gefin tækifæri til að laga kennsluna að nýjum námskrám. Eins sé brýnt að kennarar nýti sér tækifæri sem gefast til að laga kennsluna að nýjum kröfum.

„Það er margt gamaldags í iðnmenntakerfinu,“ segir Baldur, „og ýmis miðstýringarárætti er enn til staðar. Ef Iðnskólinn á að geta þróast í takt við þjóðfélagið verða fleiri stjórnunarpættir að vera í höndum skólans sjálfs en ekki í ráðuneytum eða hjá öðrum hagsmunaaðilum.“

Baldur telur Iðnskólann vera þökkalega vel tengdan iðnaðinum. Margt megi samt betur gera. Iðnaðurinn eigi ekki að ráða í einu og öllu um starfsemi skólans. Hætta sé t.d. á að syn atvinnulífsins á námskrá sé of þröng sem getur leitt af sér að



nemandinn sér ekkert spennandi við námið. Þá fær atvinnulífið ekki þann starfsmann sem það þarf.

*Samtök iðnaðarins lögðu til fyrir nokkrum árum að stofnað yrði hlutafélag um rekstur IR. Hver er þín skoðun á þessari hugmynd?*

„Á sínum tíma svaraði ég að ég væri ekki á móti þessum hugmynd. Hins vegar taldi ég þetta ekki tímabært þá. Hugmyndin er spennandi en hún yrði að leiða af sér eitt grundvallaratriði: Skólinn þarf að hafa ávinning af því. Ef ég sé fram á slíkt er ég mjög til í að skoða þessa hugmynd.“

### **Nýi framhaldsskólinn**

Starfsnámsnefnd skilaði skýrslu sl. sumar um nýjan framhaldsskóla og felur hún í sér róttækar tillögur um breytingar á framhaldsskólastiginu iðn- og starfsnámi til hagsbóta. Baldur telur óteljandi tækifæri gefast hér fyrir Iðnskólann í Reykjavík. Tillögur nefndarinnar gefi fjölbreyttum skóla eins og Iðnskólanum mikla möguleika til að reka brautir þar sem nemendur ná eigin markmiðum. Þær falli vel að Iðnskólanum í Reykjavík og breikki tilgang skólans. Sérstaklega

séu hugmyndir um fagháskólastigið mikið fagnaðarefni. Fyrir allnokkru óskaði Iðnskólinn eftir því við menntamálaráðuneytið að fá að reka fagháskólastig. Starfsnámsnefnd styður þessa ósk. Ef af yrði telur Baldur að Iðnskólinn taki forustu um fagháskólastigið, möguleikar skólans eru svo miklir.

*Skýrsla starfsnámsnefndar fékk góðar viðtökur. Hvernig eiga stjórnvöld að koma hugmyndunum í framkvæmd?*

„Málið er nú í nefnd kenndri við tíu punkta. Vonandi verða nefndarmenn nógu framsýnir til að taka skýrslu starfsnámsnefndar upp á arma sína og gera tillögur hennar að sínum. Þá ætti ráðuneytið að geta breytt lögum um framhaldsskóla í samræmi við tillögurnar á mjög stuttum tíma. Tillögurnar kalla ekki á byltingu frá fyrsta degi en Iðnskólinn myndi strax bjóða nýjar brautir í samræmi við hugmyndafræði skýrslunnar.“

*Iðnmeistaránám virðist eiga undir högg að sækja. Námskráin er komin til ára sinna, framboð á hliðstæðu námi blómstrar við marga skóla, m.a. háskóla, og skiptar skoðanir eru meðal iðnaðarmanna sjálfra hvað skuli yfirleitt tilheyr*

*iðnmeistaránámi. Hvernig sér Baldur fyrir sér framtíð iðnmeistaránámsins?*

Baldur segir að iðnmeistaránámið þarfnist breytinga. Það sé umhugsunarefni að Iðnskólanum og Samtökum iðnaðarins skuli ekki hafa tekist að koma í gegn nýrri námskrá iðnmeistaránáms. Hann telur að áherslurnar eigi að liggja í rekstrartengdu námi en fagtengda hlutann eigi að kenna í endurmenntun.

„Ég tel að stjórnunarnám fyrir meistara sé eðlísólikt öðru stjórnunarnámi,“ segir Baldur, „og þess vegna tel ég að stjórnunarnám fyrir iðnmeistara eigi að kenna sérstaklega. Mikilvægt er að inntak námsins sé skylt því umhverfi sem menn hrærast í.“

*Nefndu það sem þú ert stoltastur af í starfsemi IR.*

„Ég er stoltur af nemendum okkar, sem bera skólanum gott vitni. Ég er stoltur af því að leiða skólastarfsemi þar sem góðum kennurum er gefinn kostur að dafna í starfi. Ég er stoltur af því að hafa átt þátt í því að efla þjónustu Iðnskólans við atvinnulífið með því að útskrifa fólk sem fyrirtækin hafa þörf fyrir.“

*Ingi Bogi Bogason*

# SkatteFunn - einfalt og skilvirkt

Samtök iðnaðarins fengu Ragnhild Rønneberg, framkvæmdastjóra SkatteFUNN í Noregi, til að kynna þetta athyglisverða kerfi en rúmlega fimm þúsund rannsókn- og þróunarverkefni norskra fyrirtækja njóta góðs af því um þessar mundir.

Nefnd iðnaðarráðherra um fjármögnun nýsköpunar lagði fram tillögur um að taka upp svipað kerfi hér landi og nefnd á vegum fjármálaráðuneytis hefur þær nú til skoðunar. Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur lagt áherslu á að slíku kerfi verði komið á í tengslum við uppbyggingu hátækni iðnaðar.

## Endurgreiðslukerfi óháð skattprósentu

Norska kerfið er í reynd endurgreiðslukerfi sem veitir skattskyldum fyrirtækjum rétt til að fá 20% kostnaðar vegna rannsókn- og þróunarverkefna endurgreiddan upp að tilteknu þaki. Skattkerfið kemur þannig við sögu að þau fyrirtæki, sem greiða tekjuskatt, fá afslátt en þau, sem ekki greiða skatt, fá endurgreiðslu. Kerfið er óháð skattprósentu og þeim skatti sem fyrirtækin greiða. Þetta gerir kerfið sérstaklega áhugavert fyrir lítil og vaxandi fyrirtæki sem ennþá eru enn ekki farin að greiða tekjuskatta m.a. vegna mikils þróunar-kostnaðar.

## Vinsælt, einfalt og skilvirkt kerfi - vísbendingar um jákvæð áhrif

Í kynningu Ragnhild kom fram að kerfið nýtur mikilla vinsælda meðal norskra fyrirtækja og um helmingur samþykktu verkefna er á vegum lítilla fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Kerfið hefur komið mikilli hreyfingu á nýsköpunarstarf norskra fyrirtækja og um 80% þátttakenda telja að verkefni þeirra hefðu ekki komist á legg án SkatteFUNN.



Þótt kerfið sé aðeins á fimmta starfsári og í raun of fljótt að segja til um heildarárangur, hafa verið gerðar ýmsar úttektir á virkni þess og áhrifum. Um 50% aðspurðra telja að verkefni hafi aukið verðgildi fyrirtækja sinna, rúm 60% telja að kerfið hafi skerpt einbeitingu þeirra í nýsköpun og þróun. Þá telja tæp 50% kerfið hafa hvatt til samstarfs við önnur fyrirtæki og stofnanir. Þá vekur athygli að 25% norskra útrásarfyrirtækja nýta sér kerfið.

Fyrirtækin telja að helstu kostir kerfisins séu hversu einfalt, aðgengilegt og skrifræðislaust það er en umsækjendur fá svör við umsóknum sínum innan þriggja vikna.

## Kemur ekki í stað rannsókn- og þróunarsjóða

Í fyrirsögunum fundargesta til Ragnhild var m.a. spurt hvort kerfið nyttist nýjum fyrirtækjum sem ekki gætu lagt 80% móttframlag til verkefna. Í svari Ragnhild kom fram að komið væri talsvert til móts við fyrirtækin, m.a. með því að viðurkenna nokkuð háan tímataxta og gefa þeim kost á að nýta samtímis fleiri fjármögnunarleiðir s.s. styrki frá Norska rannsóknarráðinu. Því væri ljóst að kerfið kæmi ekki í stað rannsókn- og þróunarsjóða en væri góð viðbót fyrir fyrirtækin.

## Er árangurinn útgjaldanna virði?

Ragnhild sagði að norsk stjórnvöld hefðu í upphafi haft nokkrar áhyggjur af því að hafa ekki fasta fjárhæð í fjárlögum fyrir umfang kerfisins. Þessar áhyggjur hefðu þó horfið þegar í ljós kom að umfangið náði hámarki í 1,6 milljörðum norskra króna. Þess ber þó að geta að nettóútgjöldin má reikna mun lægri fyrir norska ríkið því að um 70% af útgjöldum fyrirtækjanna eru launakostnaður og af þeim er greiddur tekjuskattur sem skilar sér beint í ríkiskassann allt að einu og hálfu ári áður en til endurgreiðslu kemur. Því má allt eins færa fyrir því rök að kerfið feli í sér jákvætt greiðsluflæði fyrir ríkissjóð strax frá fyrsta degi.

Í lok fundar veltu fundarmenn fyrir sér spurningum um árangur þessa kerfis. Ragnhild sagði að norsk stjórnvöld hefðu einnig spurt á þessum notum. Hún taldi of fljótt að greina veltuaukningu og nýja útflutningsmarkaði hjá fyrirtækjunum sem rekja mætti til kerfisins. Fundarstjóri benti á að ef menn vildu fá svör við þeirri spurningu hvort það borgaði sig að stunda rannsóknir og þróunarstarf í fyrirtækjum væri hægt að líta til árangurs fyrirtækja eins og Marels, Össurar og Actavis. Uppbygging þar hefði líka tekið tíma.

Sjá nánar kynningu Ragnhild Rønneberg  
www.skattefunn.no  
Davíð Lúðvíksson





# Skattalegir hvatar og samkeppnisstyrkir

## - vegna þróunarstarfs í fyrirtækjum?

*Hér á landi er starfs- og stoðkerfi sprota- og hátækniyfirtækja sveiflu- og brotakenndara en í nágrannalöndunum. Fjölmargar úttektir og kannanir, sem gerðar hafa verið, sýna að verulegur skortur er á stuðningi við fjármögnun nýsköpunar- og þróunarstarfs íslenskra fyrirtækja - ekki síst sprotafyrirtækja sem einkennast öðru fremur af miklum þróunarkostnaði og ótryggu tekjustreymi á uppbyggingartíma.*

Fyrirtæki í hátækniöðnaði vinna gjarnan á alþjóðlegum markaði með sérhæfð tæknileg viðfangsefni sem tíma tekur vinna úr. Það segir sjálft að miklar sveiflur og misgengi í þróun gjaldmiðla, geta valdið miklum erfiðleikum. Uppbygging hátækniöðnaðar er því um margt erfiðari hér á landi en í löndum sem eru tengdari stærri viðskiptablokkum og þar sem meiri stöðugleiki ríkir.

### Öflugt þróunarstarf í fyrirtækjum skilar árangri

Árangur fyrirtækja á borð við Marel, Össur, Actavis, TM-Software, CCP og fjölda annarra minni fyrirtækja í hátækniöðnaði er afar merkilegur ekki síst í ljósi þeirra aðstæðna sem hér ríkjá. Öflugt þróunarstarf og þekking er ein af lykilforsendum árangurs þessara fyrirtækja.

Kynning hátækniskýrsla á Iðnþingi 2005 varpaði nýju ljósi á íslenskan hátækniöðnað og efdi umræðu um þróun hans og starfsskilyrði, m.a. í samanburði við nágrannalöndin. Það kom t.d. mörgum á óvart að vægi greinarinnar í gjald-eyristekjum þjóðarinnar var orðið meira en 7% á árinu 2004 og að hún stæði undir 4% af verðmætasköpun og vinnuafli þjóðarinnar. Hagtölur greinarinnar höfðu ekki legið frammi til þessa.

### Markviss stuðningur við þróunarstarf fyrirtækja í öðrum löndum OECD

Nánari skoðun á þeim löndum, sem náð hafa hvað lengst í uppbyggingu hátækniöðnaðar leiðir í ljós að sá árangur hefur náðst með markvissri stefnumótun og samstarfi stjórnvalda, fyrirtækja og samtaka þeirra með virkri þátttöku stoðkerfis háskóla, rannsóknastofnana, ráðgjafa, sjóða og annarra fjármögnunaraðila.

Í úttekt OECD á íslenska nýsköpunarkerfinu, kemur fram að framlög til rannsóknar- og þróunarstarfs í fyrirtækjum er hlutfallslega lægra hér á landi, en hjá öðrum OECD-löndum.

Af myndinni má m.a. lesa að opinber framlög til rannsóknar- og þróunarstarfs í Bandaríkjunum og Svíþjóð eru þreföld samanborið við Ísland. Annars staðar, t.d. á Spáni, í Mexíkó, Kanada, Portugal, Hollandi, Japan og Noregi, hefur verið lögð rík áhersla á fjárhagslega hvata í tengslum við skattkerfið. Ísland er eitt fárra OECD landa þar sem slíkar leiðir hafa ekki verið farnar. Á myndinni kemur fram að ef dregin er skálína, sem sýnir þær þjóðir, sem best gera í þessum efnum, þá eru Íslendingar langt neðan við þessa línu ásamt Grikkjum, Svisslendingum og Nýsjálandingum.

### Vísendingar um neikvæða þróun - tími aðgerða runninn upp

Samtök iðnaðarins hafa í áskorun til ríkisstjórnarinnar undir nafninu „Framtíðin er í okkar höndum“ m.a. bent á leið Norðmanna í þessum efnum. Nefnd á


vegum fjármálaráðuneytis hefur haft þessa leið til skoðunar um nokkurt skeið eða frá því að nefnd iðnaðarráðherra um „Fjármögnun nýsköpunar“ lagði hana til í byrjun þessa árs en því miður hefur nefndarstarf ríkisstjórnarinnar ennþá ekki skilað sér í bættum starfsskilyrðum hátækniöðnaðarinnar.

Útflutningstölur íslensks hátækniöðnaðar sína samdrátt í krónutölum milli ára 2004 og 2005 sem að hluta má rekja til hágengis íslensku krónunnar. Stærri íslensk hátækniyfirtæki, sem komin eru með starfsstöðvar víða um heim, eru auk þess í vaxandi mæli farin að byggja upp framtíðarvöxt sinn erlendis. Í könnun SI og Samtaka sprotafyrirtækja, sem er nýlokið, koma einnig fram vísendingar um að mun færri ný sprotafyrirtæki séu stofnuð nú en áður.

Ef menn vilja snúa þessari þróun við, þarf að eiga sér skjótvirk hugarfarsbreyting í efnahagsstjórn og stoðkerfi nýsköpunar hér á landi sem felur í sér markvissa uppbyggingu sprota- og hátækniyfirtækja. Efling Tækniþróunarsjóðs og kerfi til endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar í fyrirtækjum á borð við norska kerfið gætu verið góð byrjunarskref í slíkrri uppbyggingu.

*Davíð Lúðvíksson*

*Meðfylgjandi mynd, frá OECD ber saman annars vegar (láréttur ás) opinbera fjármögnun á r&þ starfsemi fyrirtækja (BERD=Business Enterprises Resarch and Development) sem hlutfall af þjóðarframleiðslu en hins vegar (lóðréttur ás) framlög í formi ýmiss konar skattalegra hvata til að efla þróunarstarf annars vegar í litlum (merkt með hring) en hins vegar stærri fyrirtækjum (merkt með X).*



# Verðhækkanir á aðföngum bakaríá

Að gefnu tilefni er ástæða til að vekja athygli á verðhækkunum sem orðið hafa á aðföngum bakaríá að undanförun og leiða óhjákvæmilega til hækkunar á verði á brauði og kökum. Einhverjum kann að koma í hug að óprúttir bakarar séu að nota sér fyrirhugaða lækkingu á virðisaukaskatti á matvælum til að lauma inn hækkun á vörum sínum. Svo er þó ekki heldur á hækkun á brauði og kökum sér nærtækari skýringar.

Öll aðföng bakaríá landsins hafa hækkað gríðarlega á árinu. Fyrri hluta ársins bar mest á hækkunum sem urðu vegna lækkingar á gengi krónunnar, auk þess sem verð á sykri og sykurvörum nær tvöfaldaðist eftir að niðurgreiðslum frá Evrópusambandsríkjunum var snögglega hætt.

Nú taka við enn frekari hækkanir á hveiti og kornvörum þar sem heimsmarkaðsverð á hveiti hefur rokið upp á síðustu mánuðum í kjölfar mikils uppskerubrests á hveitikorni um alla Evrópu. Miklir þurrkar í sumar og rigningar á uppskerutíma léku kornræktina grátt þetta sumarið.

## Spenna á hveitimarkaði

En fleira kemur til sem veldur mikilli spennu á hveitimarkaðinum. Vegna hækkingar verðs á olíu undanfarnin misseri keppast menn við að leita orkugjafa sem komið geta í stað olíu. Þar ber hæst svokallaða græna orku eða lífdísil (e: biofuel). Verksmiðjur sem vinna etanol (alkóhól) úr korni til að knýja bíla spretta nú upp eins og gorkúlur beggja



vegna Atlantshafsins. Þar með eykst eftirspurn eftir korni mjög hratt og alkóhólframleiðslan er orðin skæður keppinautur matvælaíðnaðarins um kornvörur. Þar við bætist svo hærri flutningskostnaður vegna hins háa olíuverðs.

## Hækkun á hráefnis- og rafmagnsverði

Þetta eru ekki góðar fréttir fyrir mjól- og bakstursiðnaðinn í Evrópu. Á sama tíma og stjórnvöld á Íslandi leitast við að lækka verð á matvælum neyðast mjólframleiðendur og bakarar til að hækka vörur sínar vegna hækkingar hráefnisverðs. Þetta bætist ofan á stórhækkað rafmagnsverð sem íslenskir bakarar hafa mátt sæta frá því að nýju raforkulögin

tóku gildi fyrir tæpum tveimur árum. Með raforkulögunum var kippt út hagstæðum töxtum sem bakarar nutu vegna mikillar orkunotkunar utan álagstíma gegn því að láta rjúfa hjá sér rafmagnnið þegar toppar mynduðust í orkunotkun yfir daginn.

Til viðbótar má nefna hina miklu þenslu á vinnumarkaði sem aukið hefur launakostnað bakaríá verulega umfram samningsbundnar launahækkanir.

Bakarar fagna áformum ríkisstjórnarinnar um að lækka virðisaukaskatt á matvælum 1. mars næstkomandi. Það mun að einhverju leyti vega upp óhjákvæmilegar verðhækkanir á brauði og kökum.

Svava Liv  
Edgarsdóttir  
framkvæmdastjóri  
Kornax



Ragnheiður  
Héðinsdóttir  
matvælafræðingur SI



## Samtök iðnaðarins á bókasýningu í Frankfurt



Í byrjun október kynntu Samtök iðnaðarins íslenskan prentiðnað á stærstu bókasýningu í heimi sem haldin er í Frankfurt ár hvert (Frankfurter Buchmesse).

Íslenskur prentiðnaður var kynntur á kynningarbás Félags íslenskra bókaútgefenda en félagið ásamt prentsmiðjunni Odda óskaði eftir því að SI styrktu sýningarbás útgefenda. Stjórn SI taldi þetta verðugt verkefni þar sem prentun og útgáfa er samvinnuð starfsemi og styður hvor aðra.

Af þessu tilefni létu SI prenta sérstakan kynningarbækling til dreifingar á sýningunni og veggspjald sem var áberandi á básnum. Lögð var áhersla á um 500 ára hefð fyrir því að íslenskur prentiðnaður sinni yfstrustu óskum viðskiptavina sinna, bæði fagurfræðilega og tæknilega. Opnað hefur verið vefsetrið [www.si.is/icelandprint](http://www.si.is/icelandprint) til að fylgja eftir kynningunni í Frankfurt.

Þess er að vænta að Samtök iðnaðarins þróa þessa hugmynd frekar fyrir bókasýninguna í Frankfurt á næsta ári.

Haraldur Dean Nelson  
Ingí Bogi Bogason



# Fjöreggið kom í hlut Guðrúnar Adolfsdóttur

Fjöregg MNÍ var afhent á Matvæladegi, 20. október síðastliðinn fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og formaður dómnefndar gerði grein fyrir niðurstöðu dómnefndarinnar og Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegssráðherra, afhenti Fjöreggið að því búnu.

Fjöreggið hlaut að þessu sinni Guðrún Adolfsdóttir, matvælafræðingur, fyrir ötult starf við að vekja áhuga fólks á mat sem er í senn bragðgóður og hollur. Guðrún hefur haldið námskeið, sem hún nefnir „Borðum betur,“ fyrir fyrirtæki og stofnanir og hafa þau hlotið verðskuldaða athygli. Guðrún er B.S. matvælafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún hóf störf hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni árið 2000 og hefur starfað þar síðan við ráðgjöf og fræðslu. Í ræðu sinni gat Jón Steindór þess að aðferðafræði Guðrúnar væri til þess fallin að skila árangri, vekja fólk til umhugsunar um það sem það borðar, gæta hófs og fjölbreytni og stuðla þannig að bættri lýðheilsu.

### Aðrar tilnefningar sem fengu sérstaka athygli á Matvæladeginum eru:

- **Gallerý fiskur.** Hefur átt þátt í að hefja fisk til vegs og virðingar og gera hann að veislumat.
- **HR -Konfekt.** Með þessari framleiðslu hefur tekist að byggja upp sérstöðu í konfektgerð á Íslandi með því að leggja áherslu á gæði og gott útlit fremur en magn.
- **Mjólka.** Innkoma Mjólku á markaðinn hefur leitt til aukinnar samkeppni og er hvetjandi fyrir aðra í greininni.
- **Móðir Náttúra.** Framleiðir bragðgóða grænmetisrétti, sérhannaða fyrir börn, sem eru tilbúnir til hitunar.

Samtök iðnaðarins gefa Fjöreggið sem er unnið hjá Gleri í Bergvík.



Guðrún með Fjöreggið ásamt Einari K. Guðfinnssyni sem afhenti henni gripinn og Jón Steindór formaður dómnefndar



Guðrún Adolfsdóttir með Fjöreggið



Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
10. tbl. 12. árg. Október 2006  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 23.10.2006  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Ljúberg  
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Lárus Karl, Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101 - Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

## Námsefnisstyrkir

Styrkir í boði til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað

**Umsóknarfrestur:  
30. nóvember 2006**

Nánari upplýsingar á [www.si.is](http://www.si.is)



Vilt þú

**auka framleiðni**

**og bæta afkomu fyrirtækisins?**

## Áfangaskipt gæðavottun SI

**Samtök iðnaðarins, í samvinnu við Málm og Iðuna - fræðslusetur, kynna nýja og aðgengilega aðferð til að bæta rekstur fyrirtækja.**

Aðferðin byggist á áfangaskiptum aðgerðum sem miða að því að gera upplýsingar um alla rekstrarþætti aðgengilegar og tryggja að þær séu nýttar til að bæta reksturinn.

Áfangarnir eru fjórir og miða að því að bæta hvaðeina í skipulagi og rekstri sem hefur áhrif á framleiðni og afkomu fyrirtækja. Veitt verður gæðavottun fyrir hvern áfanga sem fyrirtækið getur strax nýtt í kynningarskygni.

Með þessari nýju aðferð er komið til móts við þarfir fjölmargra aðildarfyrirtækja SI sem vilja bæta rekstur sinn markvisst skref fyrir skref. Þótt fyrirtæki kjósi að taka aðeins fyrstu eitt eða tvö



þrepin hafa þau þá þegar í mörgum tilvikum gert umtalsverðar úrbætur fyrir sig og viðskiptavinum sína. Afraksturinn kemur fljótlega í ljós með aukinni framleiðni, betri framleiðslu og þjónustu.

## Nánari upplýsingar

Að baki kröfum hvers þreps eru skilgreiningar sem lýst er nánar á vefsetri SI; [www.si.is/gsi](http://www.si.is/gsi). Þar eru stuttar lýsingar sem hver stjórnandi getur borið saman við stöðu mála í sínu fyrirtæki.



## Eitt símtal og ferðin er hafin

Öll fyrirtæki, sem eiga aðild að SI geta í fyrstu lotu óskað eftir úttekt á því hvort þau standast kröfur D-vottunar. Síðan taka þau næstu þrep upp á við - eftir því sem við á. Ekki þarf annað en að hafa samband við SI og panta slíka úttekt í síma 591 0100.



Frá stjórnleysi



til umbreytingar



og vaxtar